

FUNDARBOÐ

191. fundur sveitarstjórnar.

Haldinn þriðjudaginn 24. febrúar 2015 kl. 16:00 í stjórnsýsluhúsinu Innrimel 3.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

1. 1501006F - Sveitarstjórn - 190
2. 1502001F - Umhverfis- skipulags- og náttúruverndarnefnd - 51
Fundargerð lögð fram og kynnt. Hún samþykkt í öllum liðum.
 - 2.1. 1501012 - Framkvæmdaleyfi - Skorholt
OR óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar á hluta af hitaveituæð sem liggur frá Skorholti og að Læk. Samþykki landeigenda Skorholts, Skipaness og Læk liggur fyrir. Framkvæmdatími er áætlaður frá mars til nóv. 2015. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag.USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að veitt verði framkvæmdaleyfi til endurnýjunar á hitaveituæð. Ekki þarf að grenndarkynna framkvæmdaleyfið þar sem framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag sbr. 13.gr skipulagslaga 123/2010
 - 2.2. 1401018 - Ölver 9 - Viðbygging
Á 50. fundi USN nefndar var lagt til við sveitarstjórn að heimila grenndarkynningu á óverulegri breytingu deiliskipulags Ölvers á lóð nr. 9. Ranglega var farið með stærð á stækkun sumarhúss sem sagðir voru 25 fm. en eru 40 fm. Tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags heimilar að reisa eitt sumarhús ásamt geymslu/verkfærahúsi innan byggingarreits. Nýtingarhlutfall skal vera að hámarki 0.05 sem samsvarar um 170 fm. á umræddri lóð.USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila grenndarkynningu á óverulegri breytingu deiliskipulags sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir Ölveri 5, 6, 17 og 26.
 - 2.3. 1502018 - Litli Sandur - Hvalstöð - mhl. 44
Á Litla Sandi - Hvalstöð er sótt um að byggja 270 fm nýbyggingu við kjötvinnsluna. Um er að ræða stálgrindarhús með yleiningum.USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja byggingarleyfi en hvetur jafnframt landeiganda til að deiliskipuleggja svæðið.
 - 2.4. 1502022 - Hólabrú - starfsmannaaðstaða - vélaverkstæði

Sótt er um að byggja starfsmannaaðstöðu 128 fm og vélageymslu 360 fm í malarnámunni Hólabrú í landi Innri Hólms. USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfi samkv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum Kúludalsár II og Kúludalsá og landeigendum Innri Hólms. Einnig bendir nefndin á að stofna þarf lóð undir byggingar

3. 1502033 - 4. fundur veitunefndar Hvalfjarðarsveitar.

4. 1502038 - 4. fundur mannvirkja- og framkvæmdanefndar.

5. 1502002F - Fjölskyldunefnd - 47

Mál til afgreiðslu

6. 1502041 - Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar 2014.

7. 1307017 - Umferðarskipulag Grundartanga

Erindi sem samþykkt var á 27. fundi USN nefndar, sem haldinn var 27. ágúst 2013, en vantar staðfestingu sveitarstjórnar.

8. 1502039 - Beiðni um afnot af Fannahlíð 2. júní vegna sumarhátíð skólanna.

Erindi frá foreldrafélagi Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

9. 1411041 - Fundur með sauðfjárþændum við Akrafjall.

Áður tekið fyrir á 185. fundi sveitarstjórnar.

10. 1303047 - Glammastaðir ehf. kt: 480113-0470.

Frestað á 187. fundi sveitarstjórnar.

11. 1502042 - Kjör fulltrúa í stjórn SSV.

Ósk frá Hjördísi Stefánsdóttur um lausn frá störfum úr stjórn SSV.

12. 1502044 - Reglur og verklag um snjómokstur og hálkueyðingu.

Endurskoðun á reglum varðandi snjómokstur.

13. 1502045 - Úttekt á stjórnsýslu Hvalfjarðarsveitar.

Verkefnatillaga verður lögð fram á sveitarstjórnarfundinum



Aðrar fundargerðir

14. 1502040 - 123. og 124. fundir Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

15. 1502043 - 114. fundur stjórnar SSV, 28. janúar 2014.

Önnur mál

16. 1502013 - Skýrsla sveitarstjóra.

20.02.2015
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.